



Haraldur Erlendsson, Allan D. Peterkin geðlæknir í Toronto, Stein Nilsen heimilislæknir í Noregi, Gerður Aagot Árnadóttir, Matthías Örn Halldórsson og Ólafur Þór Ævarsson - ræddu heilsu lækna. Fyrsta kulnunarboðorð: lesa góðar bækur og fá leiðsögn um listasöfn, - hætta að hugsa bara um sjálfan sig. Annað boðorð: vera úti í náttúrunni, fara á fjöll. Þriðja boðorð: tala saman.



Hrafnkell Stefánsson sérnámslæknir vann eina lotu í Glimunni, þar sem áhorfendur í sal gátu svarað 10 spurningum í smáforriti, og allir tóku þátt.



Ármann Jakobsson prófessor í íslenskum bókmenntum, Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur, Torfi Tulinius miðaldfræðingur, Ingibjörg Eyþórsdóttir íslenskfræðingur og Óttar Guðmundsson geðlæknir ræddu streituröskun Sturlunga og samtalsmeðferð við hirð Noregskonunga. Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar stóð fyrir þessu málþingi og sannaði að það er líka næst nútímanum. Í pallborðsumræðum og spurningum úr sal komu bæði klaustur og stjórnmál við sögu og niðurstaðan var sú að mannlægt hefði ekki breyst vitund frá Sturlungaöld og fram á þennan dag.

## LÆKNADAGAR 2019

Þyngsta áhersla Læknadaganna var heilsa og kulnur sem hlustendur ríkisútvarpsins völdu orð ársins 2018, spurning hvaða orð hefði orðið fyrir valinu frostaveturinn mikla fyrir 100 árum?


Myndir/Véðís.



Við setningu Læknadaga, þeir eru einsog Litlu jólin fyrir lækna.



Matthías Örn Halldórsson, læknanemi á sjötta ári, rakti þau lögmál sem læknanemar hafa sett sér til að forðast kulnun.



Ein af eftirminnilegum spurningum úr Glimunni, - þar voru nýir stjórnmendur við völd í þetta sinn: Sigríður Sveinsdóttir, Gunnar Tómasson og Halla Fróðadóttir.

Allskyns myndir frá Læknadögum í Hörpu, dagana 21.-25. janúar, öflugur kuldaboli úti, spennandi málþing inni, blár janúarhiminn yfir og allir viðstaddir í stuði.

